

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2020/1477****2021/EES/19/07****frá 14. október 2020****um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 að því er varðar tímabundna framlengingu á sérstökum  
neyðarráðstöfunum til að bregðast við afleiðingum COVID-19-heimsfaraldursins (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 frá 18. janúar 1993 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á Bandalagsflugvöllum <sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 10. gr. a,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í kjölfar COVID-19-heimsfaraldursins hefur orðið verulegur samdráttur í flugumferð vegna þess að eftirspurn hefur minnkað til muna og sökum beinna ráðstafana sem aðildarríkin og þriðju lönd hafa gripið til í þeim tilgangi að halda heimsfaraldrinum í skefjum.
- 2) Þessar aðstæður eru flugrekendum ofviða og flugþjónusta, sem þeir þurfa að aflýsa að eigin frumkvæði eða sem þeim er gert að aflýsa, er nauðsynlegt eða lögmætt svar við þessum aðstæðum.
- 3) Til að vernda fjárhagslegt heilbrigði flugrekenda og koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif af völdum flugs, þar sem loftför fljúga með fáa eða enga farþega og þeim er eingöngu flogið til að viðhalda afgreiðslutímum á flugvöllum, voru gerðar breytingar á reglugerð (EBE) nr. 95/93 með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/459 <sup>(2)</sup>. Í þeirri breytingu er kveðið á um að samræmingarstjórar afgreiðslutíma eigi að líta svo á að afgreiðslutímar, sem úthlutað er fyrir tímabilið frá 1. mars 2020 til 24. október 2020, hafi verið notaðir af flugrekandanum sem fékk þá upprunalega úthlutaða.
- 4) Í reglugerð (ESB) 2020/459 er framkvæmdastjórninni einnig veittar framseldar valdheimildir til að breyta tímabilinu, sem tilgreint er í 10. gr. a í reglugerð (EBE) nr. 95/93, ef hún telur, á grundvelli talna frá Evrópustofnuninni um öryggi flugleiðsögu, sem er netstjórnandi fyrir netstarfsemi flugumferðar innan samevrópska loftrýmisins, að samdrátturinn í flugumferð sé viðvarandi í samanburði við samsvarandi tímabil á næstliðnu ári og að líklegt sé að svo verði áfram og ef hún telur einnig, á grundvelli bestu, fyrirliggjandi vísindagagna, að þetta ástand sé vegna áhrifa af völdum útbreiðslu COVID-19 faraldursins.
- 5) Hinn 15. september 2020 lagði framkvæmdastjórnin yfirlitsskýrslu um málið fyrir Evrópuþingið og ráðið, í samræmi við 5. mgr. 10. gr. a í reglugerð (EBE) nr. 95/93, þar sem fram kom að skilyrðin, sem tilgreind eru í 4. mgr. 10. gr. a, um að breyta tímabilinu sem tilgreint er í 1. mgr. sömu greinar, hafi verið uppfyllt.
- 6) Þrátt fyrir stigvaxandi aukningu er flugumferð enn lítil samanborið við sama tímabil árið 2019, samkvæmt gögnum Evrópustofnunarinnar um öryggi flugleiðsögu, og í ágúst 2020 var flugumferð enn 47% minni en í ágúst 2019. Jafnvel þótt erfitt sé að spá nákvæmlega fyrir um hvaða leið verði valin til að endurreisa flugumferð má með réttu ætla að staðan haldist óbreytt í náinni framtíð. Á grundvelli sviðsmyndar Evrópustofnunarinnar um öryggi flugleiðsögu með samræmdri nálgun (sem byggist á sameiginlegri nálgun um að setja verklagsreglur og aflétta landsbundnum takmörkunum) er gert ráð fyrir því að í febrúar 2021 verði flugumferð 15% minni en í febrúar 2020. Samkvæmt sviðsmynd með ósamræmdri nálgun (ekki sameiginleg nálgun um að setja verklagsreglur og aflétta landsbundnum takmörkunum) er áætlað að flugumferð dragist saman um 25% fyrir samsvarandi tímabil.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2020. ESB L 338, 15.10.2020, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 176/2020 frá 30. október 2020 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 1993. EB L 14, 22.1.1993, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/459 frá 30. mars 2020 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á Bandalagsflugvöllum (Stj. 2020. ESB L 99, 31.3.2020, bls. 1).

- 7) Þessi viðvarandi samdráttur í flugumferð er afleiðing COVID-19-heimsfaraldursins. Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna um tiltrú neytenda í kjölfar COVID-19 kemur fram að í apríl 2020 sögðust um 60% svarenda líklegir til að ferðast á ný innan fárra mánaða eftir rénun heimsfaraldursins en þetta hlutfall féll niður í 45% í júní 2020. Fyrirbyggjandi gögn sýna tengingu á milli COVID-19-heimsfaraldursins og eftirspurn neytenda eftir flugumferð.
- 8) Gögn Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sýna að fjöldi skráðra tilfella á dag í Evrópu náði hámarki sínu 1. apríl 2020 með 43 326 nýjum tilfellum. Á tímabilinu frá maí fram í miðjan júlí 2020 fækkaði tilfellum og flesta daga voru skráð færri en 20 000 ný tilfelli. Í lok ágúst 2020 fjölgaði tilfellum hins vegar á ný og allmarga daga voru skráð fleiri en 30 000 ný tilfelli.
- 9) Vikuleg eftirlitsskýrsla Sóttvarnastofnunar Evrópu (ECDC) sýnir að frá og með 26. ágúst 2020 hafi fjöldi staðfesta smita á 14 daga tímabili á ESB-/EES-svæðinu og í Bretlandi verið 46 (smittölur í þessum löndum eru á bilinu 2-176) á hverja 100 000 íbúa. Þetta hlutfall hefur aukist síðustu 38 daga. Í Búlgaríu, Tékklandi, Grikklandi, Póllandi, Rúmeníu og Slóvakíu hefur þeim fjölgað nýlega sem liggja á sjúkrahúsi og/eða á gjörgæslu og/eða nýinnlögnum vegna COVID-19-faraldursins.
- 10) Í september 2020 mat Sóttvarnastofnun Evrópu það svo að hættan á því að COVID-19-tilfellum myndi fjölga enn frekar í öllum ESB- eða EES-löndunum og í Bretlandi væri í meðallagi (í löndum sem halda áfram að framkvæma og framfylgja margvíslegum ráðstöfunum, þ.m.t. að tryggja nálægðarmörk, og hafa fullnægjandi getu til að rekja smitleiðir og framkvæma skimanir) og afar mikil (í löndum sem hvorki framkvæma né framfylgja margvíslegum ráðstöfunum, þ.m.t. að tryggja nálægðarmörk, og hafa hvorki fullnægjandi getu til að rekja smitleiðir né framkvæma skimanir).
- 11) Flugtakmarkanirnar, sem sum aðildarríki hafa innleitt vegna ráðstafana varðandi hollustuhætti og heilbrigði sem gerðar hafa verið í tengslum við COVID-19-faraldurinn, hafa einnig haft áhrif á tiltrú neytenda og tilheyrandi eftirspurn eftir flugumferð. Þó svo að dregið hafi úr slíkum flugtakmörkunum snemma sumars 2020 innleiddu sum aðildarríki nýjar flugtakmarkanir frá og með september 2020, í ljósi þess að COVID-19-tilfellum fjölgaði á ný í mörgum aðildarríkjum.
- 12) Í ljósi fyrirbyggjandi flugbókana og faraldsfræðilegra spáa má fastlega gera ráð fyrir því að á áætlunartímabili vetrarins, frá 25. október 2020 til 27. mars 2021, verði fjölda ferða aflýst sem rekja má til COVID-19-heimsfaraldursins. Þó svo að flugrekendur nýti ekki þá afgreiðslutíma sem þeim er úthlutað á þessu tímabili ætti það ekki að hafa í för með sér að þeir missi þá möguleika sem þeir myndu annars hafa skv. 2. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 95/93.
- 13) Því er nauðsynlegt að framlengja undanþáguna frá kröfunni í þessum ákvæðum, þ.e. að hafa að einhverju leyti nýtt viðkomandi röð afgreiðslutíma, fram yfir áætlunartímabil sumarsins 2020 til alls áætlunartímabils vetrarins 2020/2021, þ.e. tímabilið frá 25. október 2020 til 27. mars 2021.
- 14) Gert er ráð fyrir því að þessi framselda reglugerð öðlist gildi í lok þess tímabils sem er sem stendur ákvarðað í 1. mgr. 10. gr. a í reglugerð (EBE) nr. 95/93. Í því skyni að komast hjá réttaróvissu, einkum fyrir samræmingarstjóra afgreiðslutíma og flugrekendur, ætti að samþykka þessa reglugerð, samkvæmt þeirri flýtimeðferð sem lýst er í 12. gr. b í reglugerðinni um afgreiðslutíma, og ætti hún að öðlast gildi sem fyrst eða daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað 1. mgr. 10. gr. a í reglugerð (EBE) nr. 95/93 kemur:

„1. Að því er varðar 2. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 10. gr. skulu samræmingarstjórar líta svo á að afgreiðslutímar, sem úthlutað er fyrir tímabilið frá 1. mars 2020 til 27. mars 2021, hafi verið notaðir af flugrekandanum sem fékk þá upprunalega úthlutaða.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. október 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---